

Ár 2017, miðvikudaginn 21. júní 2017, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Gunnari Guðmundssyni dómara að Austurströnd 3, Seltjarnarnesi

Fyrir er tekið: Mál nr. 4/2017.

Júðódeild UMFN
gegn
Júðósambandi Íslands

Gögn málsins nr. 1-11 liggja frammi.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

Málið var höfðað með kæru af Júðódeild UMFN kt. 680211-0430. Kærði er Júðósamband Íslands kt. 4502-0709. Kæran var móttækin af skrifstofu ÍSí þann 2. maí 2017. Undirrituðum dómara var falin meðferð málsins.

Dómkröfur kæranda voru eftirfarandi: „Við viljum að umsækjandi Dan gráðun(n)ar fái að taka gráðuprófið“. Dómkrafan er nánar útlístuð af kæranda í svargreinargerð: „Júðódeild UMFN krefst þess að ákvörðun Júðósambands Íslands um (að) synja gráðuprófi iðkandans Heiðrúnar Pálsdóttur til 1. Dan réttinda verði felld úr gildi og sambandinu gert að staðfesta rétt hennar til gráðuprófsins.“

Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð sem barst dómstólnum síðan þann 29.5. s.l. Dómkröfur kærða voru þessar:

- a) Aðallega að kærumálinu verði vísað frá viðtakandi dómstól, þegar af þeirri ástæðu að kæran barst ekki innan lögbundins kærufrests sbr. m.a. 16. gr. sérlaga um Júðósamband Íslands og alm reglna ÍSí.
- b) Til vara að dómkröfum kæranda verði alfarið hafnað. Ekki eru lagaskilyrði fyrir heimild kæranda til að Heiðrún Pálsdóttir f.1999 taka 1. Dan gráðu (svarta beltið).

Í framangreindri greinargerð var málsástæðum kærða lýst og komu þar fram eftirfarandi rök fyrir dómkröfu í a-lið: „Kærufrestur er útrunninn, en samkvæmt lögum JSÍ er kærufrestur 2 sólarhringar frá því hið kærða atvik átti sér stað sem er þá 21 apríl. Kæra barst 2. maí eða 11 dögum

síðar. Ef kærufrestur hefði verið 7 dagar þá rann hann út 28. apríl en kæra barst ÍSÍ 2. maí.“

Kærandi var gefinn kostur á að gera athugasemdir við greinargerð kærða. Það gerði hann með sarggreinargerð sem barst dómstólnum þann 7. júní s.l.. Þar eru eftirfarandi rök færð fram varðandi kærufrest o.fl.:

“Með tölvupósti þann 21. apríl upplýsti JSÍ að sambandið teldi Heiðrúnu ekki uppfylla skilyrði. Jafnframt óskaði JSÍ eftir nánar tilteknum upplýsingum um ferils Heiðrúnar. JDN svaraði tölvupósti samdægurs og veitti þær upplýsingar sem JSÍ óskaði eftir.

Með tölvupósti þann 25. apríl 2017 staðfesti (sic) að nýjar upplýsingar um feril Heiðrúnar breyttu stöðu hennar gagnvart umsókninni en ferill hennar dygði samt sem áður ekki til að hún hefði öðlast rétt til umbeðinnar gráðunar. Orðrétt segir í tölvupóstinum :

“Tækniráð hefur ákveðið að gráðun hennar í 1. kyu standi þrátt fyrir skort á öðrum gráðunum. Hins vegar uppfyllir hún ekki skilyrði til þess að fara í 1.dan þar sem hún hefur ekki unnið tvo andstæðinga sem hafa þá lágmarks gráðu sem þarf til. Keppendur eiga ekki að hagnast á því að vinna andstæðinga sem hafa fengið undanþágu frá lágmarksgráðu til að taka þátt í mótum að beiðni félags þeirra.”

JDN svarar tölvupóstinum samdægurs og taldi að í ljósi þess að tækniráð JSÍ hefði samþykkt stöðu Heiðrúnar varðandi gráðuna 1.Kyu að ekkert stæði í vegi þess að hún fengi að fara í 1.Dan prófið.

JSÍ svaraði daginn eftir, 26. apríl, og áréttaði þá afstöðu að Heiðrún hefði ekki sigrað tvo andstæðinga á Íslandsmóti (ÍM) eða Alþjóðlegu móti (AM). Jafnframt kom fram að JSÍ hefði stundum samþykkt undanþágur frá lágmarksskilyrðum fyrir þátttöku á slíkum mótum en jafnframt segir í tölvupóstinum að “hugsunin” að baki þessum undanþágum sé ekki að aðrir keppendur hagnist á því. Orðrétt segir:

“JSÍ hefur stundum að beiðni klúbba gefið undanþágur frá lágmarksgráðu á þessi mót en hugsunin er ekki að aðrir keppendur hagnist á því með neinum hætti öðrum en að fá fleiri viðureignir á mótinu.”

Keppandinn sem vísað er til heitir Silja Johannesen. Hún keppti á mótinu “Reykjavík Judo Open” þann 28. janúar 2017 í Laugardalshöll. Nánar verður vikið að þætti hennar í kaflanum málsástæður.

Í annað sinn svarar JDN samdægurs. Þar er skilningur JDN áréttaður og bent á að hvergi í matsreglum JSÍ sé minnst á lágmarksgráðu andstæðinga, sem á annað borð fá að keppa á mótum. JDN bendir á hafi JSÍ gert mistök þurfi sambandið að axla þá ábyrgð, ekki keppendur í góðri trú. Óskaði JDN þess að málefni Heiðrúnar yrðu rædd í stjórn JSÍ og tækniráði.

Þann 29. apríl óskar JDN með tölvupósti eftir formlegu lokasvari frá JSÍ og þann 2. maí barst svar JSÍ, þess efnis að erindinu hefði verið svarað, endanlega, þann 26. apríl. Tímamarkið þegar JDN var upplýst um að málið væri ekki lengur til umfjöllunar var því 29. apríl. Ákvörðun JSÍ var kærð til dómstóls ÍSÍ þann 2. maí 2017.

Kærða gafst kostur á andsvörum sem bárust þann 12.6. s.l. Eftirfarandi athugasemdir voru þar gerðar við málflutning kærða um kærufrest og ákvörðun tækniráðst JSÍ:

„5)Í greinargerð kæranda gætir ákveðins misskilnings með túlkun á tillögu tækniráðs um sáttaleið og lagðir fram tölvupóstar. Samkvæmt grein 1.9 gráðureglna Júdósambands Íslands þarf samþykki stjórnar JSÍ fyrir því að tillagan nái fram að ganga. Stjórnin hefur aldrei samþykkt þessa tillögu og auk þess hafnaði Guðmundur Stefán tillögunni. Ekkert er því hægt að byggja á þessari tillögu.

6)Tækniráðið upplýsti 21.04.2017. ákvörðun um að Heiðrún uppfyllti ekki skilyrðin fyrir dangráðu og ber að miða upphaf kærufrests við þann dag. Einhverjar útskýringar og tölvupóstsamskipti eftir þann tíma breyta þar engu um. Kæran barst því of seint.“

Eins og kærði bendir á er eftirfarandi ákvæði um kærufrest að finna í 16. grein laga Júdósambands Íslands: „Kærur skulu vera skriflegar og skal kæran eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því hið kærða atvik átti sér stað.“Í niðurlagi sömu greinar er ennfremur að finna svohljóðandi ákvæði:“Úrskurður og dómur dómstóls JSÍ skulu birtir í staðfestu símskeyti eða ábyrgðarbréfi.“ Eins og vikið hefur verið að hér að framan gilda aðrar reglur um kærufrest í lögum ÍSÍ. Er þar um lengri kærufrest að ræða. Í grein 24.1. þeirra laga segir: „Kærufrestur til dómstóls ÍSÍ er ein vika frá því að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrott er að ræða séu ekki skemmri frestir ákveðnir í lögum viðkomandi sérsambands.“

Með ofangreint í huga ber að skoða hvort reglur um kærufrest í lögum JSÍ eða lögum ÍSÍ gildi í þessu máli. Í grein 47.2 í lögum ÍSÍ kemur fram að sérsamband er æðsti aðili innan ÍSÍ um sérfræðileg málefni íþróttagreinar sinnar og setur sér nauðsynlegar reglur sbr. b-lið greinar 47.4 í sömu lögum. Er einnig gert ráð fyrir í grein 49.5. í lögum ÍSÍ að lög sérsambands og lagabreytingar skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ til staðfestingar. Af þessu sést að sérhvert sérsamband er sá aðili sem setur í sinni sérgrein eigin reglur um skipulag, keppni og meðferð ágreiningsmála o.fl. Meginreglan er því að reglur sérsambands gildi framar lögum lögum ÍSÍ um málefni viðkomandi sérsambands. Lög og sumar reglur ÍSÍ eru hins ákveðið öryggisnet séu ekki til staðar nauðsynlegar grundvallarreglur hjá viðkomandi sérsambandi. Þannig er ekki að finna sérdómstól innan JSÍ þrátt fyrir skýrt orðalag í 16.grein laga JSÍ. Regluverk laga ÍSÍ kemur því hér til sögunnar. Dómstóll ÍSÍ hefir því fullnaðarlögsögu yfir því ágreiningsmáli sem hér er um deilt sbr. ákvæði 5.ml. 1.mgr. 20. greinar laga ÍSÍ um meðferð þess máls en þar segir orðrétt: „Sérsamband telst heyra undir dómstóla ÍSÍ þar til lagabreyting sem tiltekur að viðkomandi sérsamband hafi tekið upp eigið dómsstólakerfi með undirdómstigi og áfrýjunardómstigi, hefur verið staðfest af ÍSÍ.“ Á hinn bóginn telur dómurinn þó aðfinnsluvert með hliðsjón af framansögðu að ekki sé búið að koma á fót slíkum sérdómstól innan Júdósambandsins, en viðkomandi ákvæði um dómstól JSÍ hefur verið í lögnum um nokkurra ára skeið.

Með sama rökstuðningi og að framan hefur verið rakinn verður ekki hjá því litið að ákvæði í lögum Júdósambands Íslands ganga í þessu máli varðandi kærufrest framar reglum ÍSÍ, enda er sú niðurstaða í samræmi við áður nefnt orðalag í grein 24.1 í lögum ÍSÍ um kærufrest þar sem segir: „séu ekki skemmri frestir ákveðnar í lögum viðkomandi sérsambands“. Ótvírætt er því að kærufrestur er tveir sólarhringar frá því hið kærða atvik átti sér stað eins og segir í áður tilvitnaðri 16. grein laga Júdósambands Íslands. Kærufrestur er útrunninn, hvort sem miðað er við það tímamark á upphafi kærufrests sem kærði telur að hér eigi að gilda þ.e. hinn 21.4. s.l. eða það tímamark sem kærandi telur að eigi að gilda þ.e. hinn 29.4. s.l. Með vísan til framanritaðs ber þegar af þessari ástæðu að fallast á kröfu kærða og vísa þessu máli frá dómi.

Úrskurðarorð
Máli þessu er vísað frá dómi.

Gunnar Guðmundsson

Grein 24.3. í lögum ÍSÍ: Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.